

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

### 1.1 Vörukenni: **Oil Eater Cleaner/Degreaser**

Vörunúmer: AOD3211902 956 ml  
AOD6411907 1,89 Ltr.

### 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Hreinsiefni-olíuhreinsir.  
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili: **KEMI ehf.** Framleiðandi: Kafko International Ltd.  
Tunguhálsi 10 3555 W.Howard St., Skokie  
110 Reykjavík IL 60076-4012, USA  
Sími: 4154000 00-01-847-763-0333  
Netfang: [kemi@kemi.is](mailto:kemi@kemi.is) [sales@oileater.com](mailto:sales@oileater.com)  
Veffang: [www.kemi.is](http://www.kemi.is) [www.oileater.com](http://www.oileater.com)

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunarorð

**VARÚÐ**

Inniheldur

Dínatríummetasílikat pentahýdrat, 2-bútoxýetanól.

Hættusetningar

H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P264	Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.
P280	Notið hlífðarhanska/augnhlíf.
P302+P352	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni.
P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P332+P313	Ef efnið ertir húð: Leitið lækni.
P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið lækni.
P362+P364	Farið úr fótum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

### 2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

- 3.1 Efni: Á ekki við
- 3.2 Blöndur: Blanda yfirborðsvirkra efna í vatnslausn.

Dínatríummetasílikat pentahýdrat			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	C, Xi
EINECS, ELINECS	229-912-9	H-setningar	H34, H37
CAS	6834-92-0	Flokkun, hættumerking	Ætandi, ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðæt. 1B - H314, Augnskað.1 - H318, SEM-VES 3 - H335			

2-bútoxýetanól			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 5
Raðnúmer	603-014-00-0	Varnaðarmerki:	Xi, Xn
EINECS, ELINECS	203-905-0	H-setningar	H20/21/22, H36/38
CAS	111-76-2	Flokkun, hættumerking	Ertandi, Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - H302, Bráð eit.4 - H312, Húðert.2 - H315, Augnert.2 - H319, Bráð eit.4 - H332			

Alkylalkóhól, etoxýlerað			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xi
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	H41
CAS	68439-46-3	Flokkun, hættumerking	Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Augnskað.1 - H318			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

#### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Flytjið hinn slasaða af hættu- eða menguðu svæði.
Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni hverfi erting ekki fljótlega. Sýnið öryggisblaðið.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni í 15 mín. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni myndist erting. Varan er ekki ætandi.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni hverfi erting ekki fljótlega.
Inntaka	Hreinsið munn vandlega með vatni og gefið mikið vatn eða mjólk að drekka. Leitið strax lækni. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

#### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Einkennum getur seinkað um nokkrar klukkustundir. Erting í augum og húð.

#### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé smakvæmt einkennum.

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

#### 5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, sandur, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	-

#### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki eldfim.  
Forðist innöndun reyks og gufu. Myndar kolefnisoxíð við bruna.

#### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Flytjið umbúðir af brunasvæði, sé það unnt án áhættu.  
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða.  
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð, augu og fatnað. Takmarkið dreifingu. Varan getur myndað hálkubletti. Notið viðeigandi persónuhlífar, sjá lið 8.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka í se það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Lítið magn má þurrka upp með klút eða skola burt með vatni. Við meiri losun skal nota ísogsefni. Setjið í þar til gerð vandlega lokuð og merkt ílát og fargið sbr. 13.lið. Tryggið góða loftræstingu. Hreinsið mengað svæði með vatni.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við húð og augu. Hreinsið húð vandlega eftir vinnu með vöruna og farið úr menguðum fatnaði. Notið verndarkrem á húð. Hafið rennandi vatn og augnskol til taks.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum (frostfríum), þurrum, vel loftræstum stað. Geymið þar sem börn og óviðkomandi ná ekki til. Geymið ekki í málmumbúðum.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m <sup>3</sup>	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m <sup>3</sup>	Athugasemdir
Dínatríummetasílikat	-	2	-	-	
2-bútoxyetanól	50	240	-	-	OSHA (USA)

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

#### Persónuhlífar

#### Aughlífar

#### Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hlífðarvörn (EN 166)

Notið efnahelda hanska (EN 374). Notið verndarkrem.

#### Húð - annað

#### Öndunarfæri

Athugið leiðbeiningar framleiðanda um gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034). Öryggisskór.

Fari styrkur gufu/úða yfir viðmiðunarmörk, ætti að nota öndunargrímu með ryksú

Skiptið reglulega um síur skv. leiðbeiningum framleiðanda.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Litur:	Litlaus
Lykt:	Einkennandi
pH:	12,4
Suðumark:	93°C
Gufuþrýstingur (25):	4,0 mm Hg
Uppgufunarhraði:	1,2 (vatn=1)
Eðlismassi við 20°C:	1,038 g/cm <sup>3</sup>
Vatnsleysni:	Leysanlegt
Rokgjörn lífræn efni:	0,38% (4 g/l)

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Forðist hátt hitastig og beint sólarljós.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar, sýrur.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Myndar kolefnisoxíð við bruna.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Oil Eater Cleaner/Degreaser					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	rotta	OECD 402
Bráð eiturrhif, innöndun	LC <sub>50</sub>	>2,3	mg/l/4 klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Væg erting		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Veldur ertingu		kanína	
Krabbamein		Neikvætt			

**Líklegar áverkunarleiðir** Augu, húð, innöndun, inntaka.

#### Einkenni

**Snerting við augu** Erting með roða og særindum. Jafnar sig yfirleitt.

**Snerting við húð** Erting með roða og særindum hjá viðkvæmum einstaklingum. Affitar og þurrkar húð við endurtekna áverkun.

**Innöndun** Erting í öndunarvegi við mikla áverkun, höfuðverkur.

**Inntaka** Varan er ekki talin eitruð við inntöku.

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturrhif:

Oil Eater Cleaner/Degreaser					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LC <sub>50</sub>	> 200 mg/l	96 klst	Fiskar	

**Þrávirkni og niðurbrot** Varan er talin brotna auðveldlega niður í náttúrunni.

**Uppsöfnun í lífverum** Ekki liggja fyrir neinar niðurstöður um uppsöfnun.

**Dreifanleiki** Losun fyrir slysi getur leitt til dreifingar í jarðvegi og grunnvatni. Ekki liggja fyrir neinar niðurstöður um neikvæð visteiturhif.

---

## 13. Förgun

---

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Losað efni getur myndað hálkubletti.
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

---

## 14. Upplýsingar um flutninga

---

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

---

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

---

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

---

## 16. Aðrar upplýsingar

---

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H315	Veldur húðertingu
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H332	Hættulegt við innöndun
H335	Getur valdið ertingu í öndunarferum

Útgáfa/Dags: 2/22.01.2017

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **KAFKO INTERNATIONAL LTD.**  
**MATERIAL SAFETY DATA SHEET**  
**OIL EATER - DEGREASER/CLEANER**

Útgáfa: 02.05.2016